

Félagsfundur FMA 20.01'25 kl 17:30

Félagsfundur FMA var haldinn þann tuttugasta janúar í Alþýðuhúsinu að skipagötu 14 á fimmtu hæð kl 17.30. Mættu 19 ásamt stjórnarmönnum og gestum á fundinn.

Jóhann formaður setti fundin og bauð gesti velkomna. Hann las upp fundarboðun og óskaði eftir athugasemdum við hana, engar athugasemdir komu og var fundurinn lýstur löglegur og ályktunarhæfur.

Fundurinn byrjaði á því að Dagmar Guðmundsdóttir og Erla Árnadóttir frá Landsbankanum komu og kynntu aukalífeyrissparnaði og þá möguleika til ávöxtunar sem í boði eru með tilheyrandi glærukynningu og buðu fundarmönnum að koma með spurningar þegar hentaði.

Sp „Hefur verið reiknað ef skattur væri tekinn strax af „ Spurningin sneri að ávöxtun ef skattur væri tekinn strax af og tapi launþega af því út frá tillögu Flokki fólksins.

Sv „Já það hefur verið gert og er það talsverður munur“

Sp „Er tekinn fjármagnstekjuskattur af séreignasparnaði“

Sv „Nei það er ekki gert. Það er tekinn tekjuskattur. En þegar séreignarsparnaður er notaður við íbúðarkaup þá er enginn skattur tekinn“

Sp „Ef ég er með samning hjá ykkur og það berst ekki greiðsla, ýtið þið eftir því að það verði leiðrétt eða þarf ég að sjá um það“

Sv „Sjóðurinn sér um það í öllum tilfellum að sækja greiðslu“

Sp „Ef fyrirtækið sem ég er hjá yrði gjaldþrota og skuldar lífeyri og aukalífeyrissparnað. Færu þið með kröfu til þrotabúsins“

Sv „Já því lífeyrisgreiðslur eru forgangskröfur“

Sp „Eru foreldrar mikið með í fyrstu kaupum ungra íbúðakaupenda“

Sv „Já það hefur verið mikil aukning“

Sp „Hvað tekur langan tíma að fá aukalífeyrissparnaðinn í niðurgreiðslu íbúðarlána“

Sv „Því miður tekur það nokkrar vikur, en hefur samt styst þó nokkuð. En þetta snýst um skattamál „

Upplýstu þær að það hafi verið framlengt í inngreiðslum séreignarsparnaðar í íbúðarlán út árið 2025 og er reiknað með að það muni verða framlengt lengur en það

Sp“ Hver er munur á Landsbankanum og að vera með séreignarsparnaðinn annarsstaðar td lífeyrissjóðunum“

Sv „Hann er frekar lítill. Aðallega eru það að sparnaðarleiðirnar eru fleiri hjá Landsbankanum“

Sp “Hvað mælið þið með að aukalífeyrissparnaðurinn sé tekinn út. Hvaða leið er best að ykkar mati“

Sv “Við mælum með því að láta upphæðina vera í sjóðnum ef engin sérstök þörf er á úttekt. Þar sem sjóðsfélagi hefur 100% stjórn á sínum sparnaði. Þá kemur engin skerðing á sparnaðinum ef hann er tekinn reglulega út af sjóðnum heldur en að taka hann allan út og setja inn á bankareikning, en við það kæmi inn 40% skerðing á ellilífeyri.

Að lokum bættu þær við að ef sjóðfélagi eigi ekki íbúð í 5 ár samfelldt mun hann detta inn á fyrstu kaupa úrræði séreignarsparnaðar.

Og séreignasparnaður erfist að fullu og engin erfðarskattur er tekin. En það sé tekinn þó tekjuskattur af honum.

Þakkaði Jóhann þeim fyrir góða kynningu og skýr svör.

og gaf stjórn fundarins yfir til Bergvins varaformans þar sem hann þurfti frá að hverfa í flug.

Bauð Bergvin þá Birni Snæbjörns frv formanni Einingar og Starfsgreinasambandsins að koma í pontu með kynningu á því hvað best sé að huga að þegar kemur að starfslokum. En hann hefur verið að kynna þetta undanfarin misseri.

Fór Björn vel yfir hin fjölmörgu atriði um hvað skal varast og undirbúning áður en kemur að starfslokum og bað hann fundargesti að koma með spurningar bara jafnóðum.

„Varasamt er að byrja að taka út lífeyrissjóð 60 ára, en það er skerðing um 43% miðað við 67 ára og munu þá ekki heldur fá slysalífeyri ef viðkomandi yrði fyrir slæmu slysi“

Sp “Ef ég á í mörgum sjóðum og byrja lífeyristöku. Hvernig er því háttað“

Sv “ Sá lífeyrissjóður sem þú ert hjá við lífeyristöku mun sjá um þau mál. Hann greiðir út og rukkar hina um þeirra hlut. En gæti einnig komið í formi eingreiðslu frá þeim sjóðum sem litlar upphæðir eru í“

Fór Björn svo að benda á að það eru hin ýmsu úrræði að koma upp í dag. Til dæmis er símei með námskeið í starfslokum. Og mælir hann eindregið að menn nýti sér það.

Sp “Hafið þið í félagi eldri borgara á Akureyri hugsað út í það að stofna félagsheimili svipað Skúrnum sem er í Hafnafirði“

Sv “Þetta er einmitt í skoðun hjá okkur og erum í samtölum við Akureyrarbæ en gengur frekar hægt, en þá erum við að horfa mikið á eldri borgara af erlendum uppruna og flóttamenn sem festast í félagslegri einangrun.

Spurði Bergvin fundinn hvort eitthvað væri sem menn vildu bæta við þetta, en svo var það ekki og sleit Bergvin fundinum og þakkaði gestum fyrir komuna

Var fundi svo slitið kl 19:00